



Næstmesti viðskiptaafgangur sögunnar

Afgangurinn af viðskiptajöfnuði við útlönd á 3. ársfjórðungi var 68 ma.kr. Þetta er næstmesti afgangur sem mælt hefur, en mesti afgangurinn mældist einnig á 3. ársfjórðungi, en það var árið 2016.

Frá því að núverandi uppgangur ferðapjónustu hófst hefur afgangurinn á 3. ársfjórðungi hvers árs jafnan verið mestur. Samfelld ársfjórðungsleg gögn Seðlabankans yfir viðskiptajöfnuð ná aftur til ársins 1995. Þeir fimm fjórðungar þar sem afgangurinn var mestur frá árinu 1995 eru 3. ársfjórðungur hvers árs síðustu 5 ár.

Viðskiptajöfnuður við útlönd er nú jákvæður 14. fjórðungurinn í röð, en seinast mældist halli á 1. ársfjórðungi ársins 2014. Uppsafnaður afgangur á þessum 14 fjórðungum er um 480 ma.kr.

Þetta er veruleg og jákvæð breyting frá því sem áður var, en allt fram til ársins 2012 heyrði jákvæður viðskiptajöfnuður til undantekninga. Áratuginna fyrir 2012 var þjóðarbúið rekið með nær krónískum viðskiptahalla.

Mun meiri vöruinnflutningur


Afgangurinn á 3. ársfjórðungi 2016 var 100,8 ma.kr. Afgangurinn dróst saman um 32 ma.kr. milli ára. Minni afgangur skýrist að miklu leyti af mun meiri vöruinnflutningi. Alls skýrir aukinn vöruinnflutningur 20 ma.kr. af 32 ma.kr. breytingu viðskiptajafnaðar milli ára.¹

Aukning vöruinnflutnings milli ára er nokkuð almenn. Til dæmis jókst innflutningur fólksbíla um 4,8 ma.kr., fjárfestingarvara um 3,7 ma.kr., hrá- og rekstrarvara um 3,6 ma.kr. og eldsneytis og smurólía um 3 ma.kr. Nokkra athygli vekur að innflutningur á matvælum dróst saman milli ára.

Stórbætt erlend staða þjóðarbúsins


Óhætt er að segja að þessi viðsnúningur í utanríkisviðskiptum hafi verulega bætt stöðu íslenska þjóðarbúsins. Hrein staða þess (án innlánastofnana í slitameðferð) var í lok 1. ársfjórðungs 2014 neikvæð um 204 ma.kr. en var í

Viðskiptajöfnuður



Rekstrarframlög talin með páttatekjum
Heimild: Seðlabanki Íslands

Viðskiptajöfnuður við útlönd



Heimild: Seðlabanki Íslands

¹ Nánar er farið í vöru- og þjónustujöfnuðinn í [Hagsjá frá 2. desember](#).



lok 3. ársfjórðungs 2017 jákvæð um 108 ma.kr. Alls er viðsnúningurinn á hreinni stöðu því rúmlega 300 ma.kr. Þess ber þó að geta bætt erlend staða er að hluta tilkomin vegna stöðugleikaframlaga slitabúa gömlu bankana á þessu tímabili.

Á þessu tímabili hefur gjaldeyrisforði Seðlabankans að frádregnum öllum erlendum skuldum hans við ríkissjóð farið úr því að vera neikvæður um 56 ma.kr. í að vera jákvæður um 537 ma.kr. Viðsnúningur er því tæpir 600 ma. kr.

Hrein erlend staða batnaði á fjórðungnum


Eins og kom fram að ofan er hrein erlend staða þjóðarbúsins orðin jákvæð eftir þennan samfellda afgang. Í lok fjórðungsins námu erlendar eignir þjóðarbúsins 3.307 ma.kr. og erlendar skuldir 3.198 mö.kr. og var hrein staða því jákvæð um sem nemur 108 mö.kr. Hrein staða þjóðarbúsins batnaði um 125 ma.kr. á fjórðungnum, en bæði erlendar eignir og erlendar skuldir lækkuðu á fjórðungnum. Bætt erlend staða á fjórðungnum kom til bæði vegna þess að fjármagnsjöfnuður var jákvæður um 72 ma.kr. en einnig vegna 91 ma.kr. gengis- og verðbreytinga.

Bætt erlend staða hefur bein áhrif á viðskiptajöfnuð í gegnum liðinn frumþáttatekjur, en í honum eru meðal annars tekjur og gjöld erlendra eigna þjóðarbúsins og innlendra eigna útlendinga. Frumþáttatekjur voru jákvæðar um 1,6 ma.kr. og er þetta 9. ársfjórðungurinn í röð sem að þáttatekjujöfnuðurinn er jákvæður. Svo dæmi sé tekið mældist einungis tvisvar afgangur af þáttatekjujöfnuði á árunum 1995 til 2006.

Gerum ráð fyrir 127 ma.kr. afgangi í ár


Í nýbirtri [þjóðhagsspá okkar](#) gerum við ráð fyrir að afgangurinn af viðskiptajöfnuði verði 5,4% af vergri landsframleiðslu á þessu ári, eða sem samsvarar 127 mö.kr. Afgangurinn á fyrstu níu mánuðum ársins var 91 ma.kr. Til þess að spá okkar gangi eftir þarf afgangurinn á 4. ársfjórðungi að vera 36 ma.kr., en til samanburðar var hann jákvæður um 42 ma.kr. á 4. ársfjórðungi 2016.

Breyting á viðskiptajöfnuði milli 3. ársfj. 2016 og 2017




Heimild: Seðlabanki Íslands

Vöruinnflutningur - breyting milli 3F 2016 og 2017



Heimild: Hagstofa Íslands

Hrein erlend staða þjóðarbúsins



2014 F1 til 2015 F3 án ILST í slitameðferð
Heimild: Seðlabanki Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.